



FL Group skilar 6.310 milljóna króna hagnaði fyrir skatta á fyrri helmingi ársins 2006

Hagnaður FL Group fyrir skatta fyrstu sex mánuði ársins var 6.310 milljónir króna samanborið við 2.336 milljóna króna hagnað árið áður. Að teknu tilliti til skatta var hagnaður tímabilsins 5.721 milljónir króna samanborið við 1.933 milljónir króna árið áður. Á öðrum ársfjórðungi 2006 var afkoma fyrir skatta -334 milljónir króna samanborið við 2.308 milljónir króna árið áður. Afkoma eftir skatta á öðrum ársfjórðungi var -118 milljónir króna samanborið við 1.908 milljónir króna árið áður. Afkoma af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta á fyrstu sex mánuðum ársins var 8.104 milljónir króna samanborið við 2.624 milljónir króna árið áður.

HELSTU ATRIÐI FYRSTU 6 MÁNUÐI ÁRSINS

- Fjárfesting í 49% hlut í Refresco Holding á öðrum ársfjórðungi
- Sala á 16,9% hlut í easyJet á öðrum ársfjórðungi
- Fjárfesting í 24,2% hlut í Straumi-Burðarás Fjárfestingabanka á öðrum ársfjórðungi
- Stofnun dótturfélaga í Danmörku og Bretlandi á öðrum ársfjórðungi
- Innleystur hagnaður úr stöðutökum, þar með talið Marks & Spencer á öðrum ársfjórðungi

- Hagnaður fyrir skatta á fyrri helmingi ársins 2006 var 6.310 milljónir króna
- Heildareignir í lok annars ársfjórðungs námu 202,6 milljörðum króna, jukust um 14,5 milljarða króna frá lokum fyrsta ársfjórðungs
- Gjaldyrisjöfnuður félagsins var jákvæður í erlendum myntum sem skilaði verulegum hagnaði
- Eigið fé í lok annars ársfjórðungs var 83,4 milljarðar króna
- Eiginfjárlutfall í lok annars ársfjórðungs var 44% að teknu tilliti til fjármögnunar á fyrirframgreiðslum vegna kaupa á 15 Boeing 737 800 flugvélum
- Handbært fé í lok annars ársfjórðungs nam 20,9 milljörðum króna

- Á fyrri helmingi ársins 2006 var EBITDA hjá Icelandair Group 1.299 og jókst um 511 milljónir króna samanborið við árið áður ¹. Á öðrum ársfjórðungi var EBITDA 1.564 milljónir króna
- Afkoma Icelandair Group fyrir skatta var 883 milljónir króna á fyrri helmingi ársins og 1.560 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi sem er veruleg bæting frá fyrra ári
- Handbært fé frá rekstri hjá Icelandair Group á fyrri helmingi ársins nam 3.857 milljónum króna

- Á fyrri helmingi ársins 2006 var EBITDA hjá Sterling -2.178 milljónir króna. Á öðrum ársfjórðungi var EBITDA 485 milljónir króna, sem er í takt við væntingar
- Afkoma Sterling fyrir skatta var -2.534 milljónir króna á fyrri helmingi ársins og 320 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi

NÝLEGIR ATBURÐIR

- Frekari fjárfesting í Glitni og er eignarhluturinn nú 24,4%
- FL Group jók hlutafé um 33,4 milljarða króna vegna kaupa á 24,2% hlut í Straumi-Burðarás. Áætlað eigið fé eftir hlutfjárhækkunina, byggt á eigin fé í lok júní, er 118,8 milljarðar króna, sem gefur 52,8% eiginfjárlutfall að teknu tilliti til fjármögnunar á fyrirframgreiðslum vegna kaupa á 15 Boeing 737 800 flugvélum

Hannes Smárason, forstjóri FL Group

“Ég er ánægður með að geta kynnt góða afkomu á fyrri helmingi ársins og þá sérstaklega í ljósi þess að á öðrum ársfjórðungi var afar mikill óróleiki á fjármálamörkuðum sem lækkuðu almennt á bilinu 5-10% á tímabilinu. Með það í huga ber góð afkoma okkar vott um góða dreifingu, virka stýringu á eignasafni og gjaldyrisjöfnuði.

Icelandair Group og dótturfélög þess eru að skila bestu afkomu í sögu félagsins sem endurspeglar áherslu okkar á arðsemi. Viðsnúningur á rekstri Sterling gengur í samræmi við áætlanir enda þótt sögulega hátt oliuverð og aukin samkeppni haldi áfram að vera áskorun.”

¹ Allar tölur fyrir Icelandair Group árið 2005 eru pro forma

LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

milljónir króna	Samstæða			
	1H 06	1H 05	2F 06	2F 05
Rekstrarreikningur				
Fjárfestingatekjur	9.587	3.015	-862	1.421
Rekstrartekjur	45.970	20.064	28.404	12.248
Rekstrargjöld án afskrifta	-47.878	-19.786	-27.139	-10.735
Afskriftir	-1.369	-957	-736	-626
Hagnaður fyrir tekjuskatt	6.310	2.336	-334	2.308
Tekjuskattur	-589	-403	216	-400
Hagnaður tímabilsins	5.721	1.933	-118	1.908
		30 / 06	31 / 12	
Efnahagsreikningur				
Eignir samtals		202.551	132.618	
Skuldir samtals		119.186	58.175	
Eigið fé samtals		83.365	74.443	

FJÁRFESTINGASTARFSEMI

Hagnaður af fjárfestingastarfsemi FL Group var fyrir skatta 8.104 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Eftir skatta nam hagnaður af fjárfestingastarfseminni 6.954 milljónum króna. Á öðrum ársfjórðungi var afkoma af fjárfestingastarfseminni -1.869 milljónum króna og eftir skatta -1.335 milljónum króna.

FL Group minnkaði fjárfestingar sína í markaðsverðbréfum á erlendum mörkuðum með sölu á eignarhlut sínum í easyJet. Fjárfestingar í markaðsverðbréfum jukust nettó á öðrum ársfjórðungi um 6,1 milljarð króna. Stærstu breytingarnar á fjárfestingum í markaðsverðbréfum voru sala á hlutabréfum í easyJet og aukning á hlutabréfaeign í Glitni. Í lok júní var staða FL Group í markaðsverðbréfum 159,7 milljarðar króna og voru 46,3 milljarðar króna í erlendum hlutabréfum og 102,4 milljarðar króna í innlendum hlutabréfum. Í lok júní voru 94,1 milljarðar króna í framvirkum samningum. Stærstu einstöku fjárfestingarnar voru í Glitni að fjárhæð 62 milljarðar króna og Kaupþing að fjárhæð 28,2 milljarðar króna.

Langstærsti hluti fjárfestinga FL Group er í skráðum hlutabréfum er mörkuðum á Íslandi og Norðurlöndunum sem allir lækkuðu á öðrum ársfjórðungi. Úrvalsvisitalan á Íslandi lækkaði um 7,1%, í Danmörku um 6,1%, í Finnlandi um 10% og í Noregi um 3,9%. Þessar lækkanir höfðu neikvæð áhrif á afkomu félagsins. Staða eigna umfram skuldir í erlendum myntum hafði þau áhrif að yfir 10% veiking íslensku krónunnar skilaði félaginu hagnaði sem vóg á móti.

FL Group tilkynnti í lok júní kaup á 24,2% hlut í Straumi-Burðarás Fjárfestingabanka fyrir ríflega 47 milljarða króna. Greitt var fyrir kaupun með hlutabréfaeign FL Group í Kaupþing annars vegar og hlutabréfum í FL Group hins vegar. Í tengslum við framangreind viðskipti gaf FL Group út nýtt hlutafé að nafnvirði um 1,8 milljarðar króna, á genginu 18,52 sem gefur markaðsvirði upp á 33,4 milljarða króna. Eignarhlutur FL Group í Straumi-Burðarás eftir kaupun er 26,6%.

Með fjárfestingunni í Straumi-Burðarás kemst FL Group í leiðandi stöðu innan bankans og er í dag með tvo stjórnarmenn hjá bankanum. Það gefur FL Group tækifæri til að taka þátt í og styðja stefnu bankans til framtíðar. Þessi viðskipti gáfu FL Group einnig gott tækifæri til að styrkja eiginfjárstöðu félagsins verulega í mjög erfiðum hlutabréfamarkaði.

Heildar eigið fé eftir hlutafjárhækkunina nemur 118,8 milljörðum króna sem samhlíða sterkri sjóðstöðu gefur FL Group gríðarlegan sveigjanleika til áframhaldandi fjárfestinga í áhugaverðum verkefnum og fyrirtækjum.

Hlutabréfasafn þann 30/6/2006

milljónir króna	Markaðsvirði	Eignarhlutur
Glitnir	62.000	24,4%
Kaupþing	28.167	5,7%
Annað	12.239	
	102.406	69%
Royal Unibrew	11.854	22,1%
Bang & Olufsen	11.847	11,3%
Finnair	11.205	10,8%
Aktiv Kapital	8.141	13,0%
Annað	3.272	
	46.319	31%
	148.725	

ICELANDAIR GROUP – BESTA SEX MÁNAÐA AFKOMA Í SÖGUNNI

Velta Icelandair Group á fyrri helmingi ársins 2006 var 24,1 milljarður króna, samanborið við 19,6 milljarða árið á undan. EBITDA batnaði um 511 milljónir króna samanborið við árið áður og var 1.299 milljónir króna. EBIT batnaði um 395 milljónir króna samanborið við árið áður og var 63 milljónir króna.

Þessi afkoma ber þess skýrt merki að Icelandair Group hefur alla burði til að bæta afkomu sína þrátt fyrir óhagstæða ytri þætti, svo sem sögulega hátt eldsneytisverð.

Áætlunarflug Icelandair er þungamiðja í rekstri Icelandair Group. Á öðrum ársfjórðungi 2006 jókst farþegafjöldi með Icelandair um 1,6% samanborið við sama tímabil árið áður og sætanýting var 79,5% samanborið við 78,9% árið áður.

Horfur á áframhaldandi vexti í hagnaði Icelandair eru góðar og sú ákvörðun að auka ekki framboðin sæti frá síðasta ári, og setja fókussinn á að bæta afkomuna innan sama leiðarkerfis hefur þegar skilað árangri.

Loftleiðir Icelandic, dótturfélag Icelandair Group festi kaup á meirihluta í hlutfé Lettneska leiguflugfélagsins L charter Airlines á öðrum ársfjórðungi 2006 og hefur skuldbundið sig til að kaupa félagið að fullu síðar. Þessi fjárfesting er liður í þeirri stefnu Loftleiða Icelandic að styrkja stöðu sína í Eystrasaltslöndunum. L charter Airlines var stofnað í Lettlandi árið 1992. Árið 2005 flutti félagið 100.000 farþega og veltan var 17 milljónir evra.

Á öðrum ársfjórðungi 2006 festi Fjárvakur, dótturfélag Icelandair Group, kaup á Airlines Services Estonia (ASE) sem hefur höfuðstöðvar sína í Tallinn, Eistlandi. ASE hefur sérhæft sig í tekjubókheldi fyrir flugfélög. Markmiðið með þessari fjárfestingu er að auka skilvirkni og draga úr kostnaði við tekjubókheld og meðhöndlun farmiða .

STERLING

Velta Sterling á fyrri helmingi ársins var 21,3 milljarður króna. EBITDA og EBIT voru í takt við væntingar stjórnenda, þrátt fyrir að markaðsaðstæður séu erfiðar og oliuverð hafi hækkað verulega. EBITDA var - 2,2 milljarðar króna og EBIT var -2,4 milljarðar króna á fyrri helmingi ársins. Á öðrum ársfjórðungi var EBITDA 485 milljónir króna og EBIT 377 milljónir króna. Innifalið í þeim tölum er samrunakostnaður vegna sameiningar Sterling og Maersk Air sem átti sér stað í síðasta ári.

Markaðurinn til og frá Norðurlöndunum er ört stækkandi og þrátt fyrir bakslag vegna hins svokallaða skopmyndamáls, fuglaflensu og hryðjuverkaógn, fer eftirspurn vaxandi.

Samruni Sterling og Maersk Air sem tók gildi þann 13. september síðastliðinn hefur að mestu gengið í takt við áætlanir og er samrunaferlinu nú lokið.

Stjórnendur Sterling eru nú að setja saman áætlun um stefnu félagsins til næstu 3ja ára. Vörumerkið Sterling er sterkt í Skandinavíu og er félagið vel þekkt fyrir samkeppnishæf verð til áfangastaða í Evrópu. Til að sinna markaðinum í norður Danmörku mun Sterling hefja flug milli Kaupmannahafnar og Álaborgar, ásamt því að hefja flug frá Álaborg til valinna áfangastaða í Evrópu.

HORFUR

Hlutabréfasafn FL Group samanstendur af félögum sem hafa góða möguleika til að skila góðri afkomu á seinni helmingi ársins og til framtíðar. Í ljósi nýafstaðinnar hlutafjárútkninga og sterkri sjóðsstöðu, að viðbættum seljanlegum eignum, er fjárhagsstaða félagsins afar góð sem veitir svigrúm til áframhaldandi fjárfestinga í arðsömum verkefnum.

Kynningarfundur verður haldinn fyrir markaðsaðila á Nordica Hótel, þriðjudaginn 15. ágúst klukkan 8:30. Hannes Smárason, forstjóri FL Group, mun kynna afkomu félagsins og svara spurningum. FL Group mun varpa fundinum beint á internetinu. Hægt verður að nálgast vefvarpið á heimasíðu félagsins, www.flgroup.is, fyrir fundinn.

STÆRSTU HLUTHAFAR 11. ÁGÚST 2006 *

Hluthafi	%
Eignarhaldsfélagið Oddaflug ehf	18,3%
Baugur Group hf.	17,8%
Magnús Kristinsson	14,7%
Kristinn Björnsson	8,4%
Icon ehf	5,6%
Materia Invest ehf	5,1%
Arion safnreikningur	4,2%
Fons Eignarhaldsfélag hf	3,7%
FL Group hf.	2,0%
Gildi -lífeyrissjóður	1,8%
Saxbygg ehf	1,0%
Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	1,0%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	0,9%
Sund ehf	0,5%
SJ1 ehf	0,5%
<hr/>	
Fimmtán stærstu samtals	85,6%

* Hluthafalistinn er leiðréttur fyrir framvirkum samningum stærstu hluthafanna í samræmi við tilkynningar til Kauphallar Íslands.

Nánari upplýsingar veita:

Hannes Smárason, forstjóri FL Group hf.
Sveinbjörn Indriðason, fjármálastjóri FL Group hf.
Tel: +354 591 4400

UM FL GROUP

FL Group er fjárfestingarfélag sem sérhæfir sig annars vegar í áhrifafjárfestingum og umbreytingarverkefnum og hins vegar í eignastýringu, þar sem lögð er áhersla á virka þátttöku á verðbréfamörkuðum. Félagið horfir einkum til Norður-Evrópu í sínum fjárfestingum en hefur þó almennt breiða sýn. Í lok júní 2006 voru heildareignir félagsins 202,6 milljarðar króna. FL Group er skráð í Kauphöll Íslands (ICEX: FL).

Stærstu hluthafar FL Group eru: Eignarhaldsfélagið Oddaflug ehf. (18,3%), í eigu Hannesar Smárásonar, forstjóra; Baugur Group (17,8%); Magnús Kristinsson (14,7%); Kristinn Björnsson (8,4%); Icon (5,6%) og Materia Invest (5,1%). Í sumum tilfellum eru hlutirnir skráðir á nafn íslenskra fjármálafyrirtækja vegna framvirkra samninga.

UM STÆRSTU FJÁRFESTINGAR FL GROUP:

Glitnir er íslensk-norsk bankasamstæða með starfsemi í fimm löndum. Bankinn er alhliða fjármálafyrirtæki sem veitir viðtæka þjónustu á sviði fjárfestingabankastarfsemi, lánveitinga og almennra bankaviðskipta. Félagið er skráð í Kauphöll Íslands.

Kaupþing banki er norrænn banki sem veitir alhliða viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta. Bankinn er leiðandi aðili á flestum sviðum íslensks fjármálamarkaðar og stefnir að því að vera í hópi leiðandi fjárfestingarbanka í Norður-Evrópu. Félagið er skráð í Kauphöll Íslands.

Aktiv Kapital er fjármálafyrirtæki sem sérhæfir sig í innheimtu á viðskiptakröfum. Starfsemi félagsins skiptist í þrennt, kaup á lánasöfnum sem komin eru í vanskil, innheimta viðskiptakrafna og umsýsla reikninga. Félagið er skráð í kauphöllinni í Ósló.

Finnair er eitt elsta starfandi flugfélag heims. Félagið er markaðsráðandi í flugi til og frá Finnlandi, flýgur til um 50 áfangastaða víðsvegar um heim, þar á meðal lykiláfangastaða í Asíu. Félagið er skráð í kauphöllinni í Helsinkí.

Bang & Olufsen samstæðan þróar, framleiðir og selur hljóm- og myndflutningslausnir undir hinu þekkta vörumerki félagsins. Félagið hefur lengi verið í fremstu röð hvað varðar hönnun og gæði. Félagið er skráð í kauphöllinni í Kaupmannahöfn.

Royal Unibrew er annar stærsti drykkjarvöruframleiðandi í Skandinavíu. Samstæðan samanstendur af fjórum dönskum, tveimur litháenskum, tveimur pólskum og tveimur lettneskum drykkjarvöruframleiðendum. Félagið selur áfengar og óáfengar drykkjarvörur á mörkuðum í Evrópu, Afríku og Ameríku. Félagið er skráð í kauphöllina í Kaupmannahöfn.